

Alþingi
Erindi nr. P 139/130
komudagur 5.11.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2010

Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (fyrningarfrestur), 108. mál

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrningarfrestur á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrot verði stytur í tvö ár. Með breytingunni er ætlunin að lög um gjaldþrot einstaklinga hér á landi verði meira í ætt við það sem tíðkast í Bandaríkjunum en í Evrópu. Í Bandaríkjunum er þessi lagahefð talin hafa stuðlað að því að einstaklingar eru mun fúsari til að leggja út í atvinnurekstur en í Evrópu. Með því að lítil fyrirtæki eru mikilvæg aflvél hagkerfisins hefur þetta veitt Bandaríkjunum umtalsvert samkeppnisforskot. Þar er einnig lítið á það sem eðlilegan hlut að einstaklingar verði gjaldþrota með rekstur sinn og geti hafið nýtt líf og byggt upp sparnað og rekstur án þess að skuldir vegna eldri reksturs verði til trafala.

Samtök atvinnulífsins telja það jákvætt skref að færa íslensk lög á þessu sviði í átt til þess sem tíðkast í Bandaríkjunum þótt fjölmörg atriði önnur skipti einnig máli um hvort einstaklingar telji rekstri sínum betur borgið í formi einkahlutafélags, samlagsfélags eða sem einkarekstur.

Virðingarfyllt,


Pétur Reimarsson